



502. fundur stjórnar SASS

símafundur haldinn

fimmtudaginn 17. desember 2015 kl. 12.00

Þátttakendur voru: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir og Páll Marvin Jónsson. Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Eggert Valur Guðmundsson forfölluðust. Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Eggerts, tók þátt í hans stað. Einnig tók Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, þátt og ritaði jafnframt fundargerð.

Dagskrá:

1. Innri mál SASS

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir upplýsingar sem aflað var milli funda, kynntu nánari útfærslur á tillögunni og öðrum álitamálum frá síðasta fundi. Fyrir fundinn fengu fundarmenn sent uppfært skipurit, auk upplýsinga um áhrif skipulagsbreytinganna á starfssemi SASS, sbr. viðhengi.

Eins og sjá má á skipuritinu í viðhengi verður komið á fót tveimur nýjum sviðum hjá SASS en annað sviðið sinnir innviðum og hitt þróun. Hlutverk þróunarsviðs, sem Þórður Freyr Sigurðsson leiðir, verður að sinna stefnumótun, ráðgjöf og verkefnastjórnun á sviði byggðamála, s.s. á sviði menningarmála og atvinnuþróunar og nýsköpunar. Starfssemi þróunarsviðs mun grundvallast á samningi um sóknaráætlun Suðurlands og sviðið mun bera ábyrgð á framfylgd sóknaráætlunar landshlutans og umsjón með Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Starfsemin byggir einnig á samningum við aðrar stofnanir s.s. við Byggðastofnun. Innviðasviðið, sem framkvæmdastjóri leiðir, mun hins vegar sinna almenningssamgöngum, ART-teyminu, sveitarstjórnarmálum og hagsmunagæslu landshlutans í samráði við formann og stjórn.

Stjórn samþykkir samhljóða að ráðast í þessar breytingar á starfseminni. Þær hafa í för með sér að í stað þess að verkefni séu unnin af ráðgjöfum, verkefnisstjórum og menningarfulltrúa í föstum störfum hjá SASS þá er þeim útvistað til samstarfsaðila á Suðurlandi s.s. Þekkingarsetursins í Vestmannaeyjum, Háskólafélagsins á Suðurlandi, Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn og Markaðsstofu Suðurlands. Auk þess verða skilgreind verkefni unnin í tengslum við aðra sérfræðinga þegar við á.

Breytingar leiða til þess að af leggjast störf fimm ráðgjafa- og verkefnisstjóra. Starfsmönnum SASS fækkar þar með úr þrettán í átta. Ekki er mögulegt að færa umrædda starfsmenn til í starfi eða bjóða þeim önnur störf hjá SASS.

Sam Eþ
Gök
WJ

Ákveðið var að bjóða þeim sem missa starf sitt að gera starfslokasamning og að bjóða þeim laun í einn mánuð umfram hefðbundinn þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þeir sem ekki þekktust slíkt tilboð fengu hefðbundið uppsagnarbréf. Miðað er við að breytingum verði lokið fyrir komandi áramót.

Tilgangur

- Breytt skipulag endurspegli áherslur í starfi samtakanna
- Bregðast við breyttum áherslum í samningum við hið opinbera
- Laga starfsemi SASS betur að þörfum íbúa, fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka á Suðurlandi

Markmið

- Vera sveigjanlegri og bæta þjónustu við íbúa, fyrirtæki, sveitarfélög og félagasamtök á Suðurlandi
- Lækka fastan rekstrarkostnað SASS
- Styrkja og ná fram samlegð með samstarfsaðilum á Suðurlandi s.s. þekkingarsetrinu í Vestmannaeyjum, Háskólafélagi Suðurlands, þekkingarsetrinu á Höfn og Markaðsstofu Suðurlands
- Útvista þjónustunni og fá aðgang að víðtækari þekkingu

Samningur við samstarfsaðila

Gerður verði samningur við samstarfsaðila á Suðurlandi, s.s. Markaðsstofu Suðurlands, þekkingarsetrin í Vestmannaeyjum, á Höfn og Háskólafélag Suðurlands, um að þeir sinni m.a. eftirfarandi:

- Ráðgjafþjónustu á nærsvæðinu á sviði atvinnu- og menningarmála
- Veita ráðgjöf um gerð umsókna í sjóði SASS eða aðra samkeppnissjóði
- Aðstoð við gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana jafnt fyrir nýsköpunar - og menningarverkefni
- Sinni, eftir ósk SASS, þjónustu á sviði verkefnastjórnunar og stefnumótunar á svæðinu, auk þess að sinna þróunar- og sérverkefnum
- Taki að sér verkefnastjórn um samstarfsverkefni sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana í landshlutanum, auk þess að sinna þróunarverkefnum. Með þessu móti getur SASS falið ákveðnu þekkingarsetri, einu og sér eða í samstarfi við aðra, að vinna að sérstökum áhersluverkefnum samtakanna
- Komi að vinnu við Sóknaráætlun Suðurlands

Með ofangreindu verði tryggt að öflug þjónusta standi öllum til boða í landshlutanum.

Sam
Op WP
SASS

Ávinningur


- Styrkja stoðir og byggir upp þekkingu hjá samstarfsaðilum s.s. hjá þekkingarsetrunum
- Eykur samstarfið milli stofnana á Suðurlandi
- Eykur sveigjanleika og nær fram meiri samlegð með samstarfsaðilum sem vinna að sömu markmiðum heima í héraði
- Góð tenging við atvinnulíf, menningarlíf, sveitarstjórnir, stofnanir og fyrirtæki
- Sveigjanleiki í samnýtingu á öðrum starfsmönnum samstarfsaðilans og aðstöðu
- Til verður net þekkingar sem allir hafa aðgang að og nýta þar með mannauðinn betur þvert á landshlutann
- Aukinn fjölbreytileiki og aðgangur að sérhæfðari þekkingu eykst með því að kaupa í meira mæli utanaðkomandi ráðgjöf

Stjórn fól formanni og framkvæmdastjóra að fylgja fram breytingum á starfsemi og skipulagi SASS til samræmis við framangreindar niðurstöður fundarins.

Næsti fundur verður haldinn á Helli föstudaginn 15. janúar nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 12:35

Gunnar Þorgeirsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Elín Einarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Sæmundur Helgason
Bjarni Guðmundsson





Sæmundur Helgason

Unnur Þ

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Elín Einarsdóttir



Skipulagsbreytingar hjá SASS

17. desember 2015

Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið í umhverfi SASS á undanförunum árum og því nauðsynlegt að laga hlutverk og skipulag þeirra að nýjum aðstæðum. Samtökunum hafa verið falin ný verkefni en þau eru mörg tilkomin vegna samninga við hið opinbera og með lagasetningu.


Samtökin hafa brugðist við þessum breytingum að hluta, með yfirfærslu á starfssemi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands til samtakanna fyrir 3 árum og með að sameina starfssemi Menningarráðs Suðurlands við starfsemina fyrir á þessu ári. Á árinu voru ný lög, um byggða- og sóknaráætlanir landshluta, samþykkt á Alþingi. Undirritaður var nýr samningur við samtökin um Sóknaráætlun og gildir hann til 5 ára. Samningurinn er víðtækur og tekur til stefnumörkunar landshlutans á sviði byggðamála, fjármögnunar þróunarverkefna og reksturs Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Samningurinn tekur m.a. til málefna atvinnuþróunar og nýsköpunar, menningarmála, mannauðs og lýðfræðilegrar þróunar svæða á Suðurlandi. Samningurinn er í raun samheiti og grunnur að starfi samtakanna á sviði byggðapróunar. Fyrir nokkrum árum tóku samtökin einnig að sér umsjón almenningsamgangna á Suðurlandi en þessi málaflokkur skiptir miklu máli fyrir landshlutann og hefur víðtæk áhrif á byggðapróun.

Komið verði á fót tveimur nýjum sviðum hjá SASS en annað sviðið sinnir innviðum og hitt þróun. Hlutverk þróunarsviðs verður að sinna stefnumótun, ráðgjöf og verkefnastjórnun á sviði byggðamála, s.s. á sviði menningarmála og atvinnuþróunar og nýsköpunar en sviðið mun einnig bera ábyrgð á framfylgd sóknaráætlunar landshlutans og umsjón með Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Innviðasviðið mun hins vegar sinna almenningsamgöngum, ART-teyminu, sveitarstjórnarmálum og hagsmunagæslu landshlutans.

Markmið þessara breytinga er að gera starfsemi samtakanna skilvirkari, hagkvæmari og sveigjanlegri, um leið og náð er fram aukinni samlegð með ólíkum samstarfsaðilum á Suðurlandi. Á sama tíma er markmiðið að tryggja áfram slagkraft samtakanna á sviði hagsmunagæslu sveitarfélaga á Suðurlandi og uppbyggingu innviða. Höfuðmarkmiðið er að starfsemin eflist á öllum sviðum. Stjórn SASS og framkvæmdarstjóri munu áfram leiða samtökin í þeirri hagsmunagæslu. Jafnframt hefur verið ákveðið að Þórður Freyr Sigurðsson verði sviðsstjóri þróunarsviðs.

Með þessum breytingum verða ráðgjafar ekki starfandi hjá SASS enda er markmiðið að ná fram samlegð með samstarfsaðilum á Suðurlandi s.s. Þekkingarsetrinu í Vestmannaeyjum, Háskólafélagi Suðurlands, Þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn og Markaðsstofu Suðurlands. Auk þess verða skilgreind verkefni unnin í tengslum við aðra sérfræðinga þegar við á.

Stjóri
WJP



Handwritten signature/initials in blue ink.